



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 21. september 2004

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 50. fundar þriðjudaginn 21. september 2004 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 8. september 2004.
2. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 21. júní 2004.
3. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 21. ágúst 2004.

Afgreiðslur:

Forseti óskaði eftir því að upp yrði tekinn liðurinn önnur mál, fundurinn samþ. það.

1. Fundargerð 94. fundar bæjarráðs frá 8. september s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 10 liðum. Með vísan í lið 2 var lögð fram svohljóðandi tillaga.

“ Bæjarstjórn Blönduóssbæjar mótmælir harðlega að þjónusta Vínbúðarinnar á Blönduósi sé skert með styttingu opnunartíma verslunarinnar samtímis því sem opnunartímar fyrir viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu aukast. Ákvörðunin um skerðingu á opnunartíma stangast á við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um eflingu landsbyggðarinnar, stuðningi við lítil fyrirtæki og eflingu þjónustu í dreifbýli. Hvert stöðugildi á landsbyggðinni er dýrmætt en ljóst er að með þessum aðgerðum mun fækka um eitt stöðugildi. Bæjarstjórn skorar hér með á yfirmenn ÁTVR, sem annast þennan málaflökk fyrir hönd íslenska ríkisins, að umrædd skerðing á þjónustu Vínbúðarinnar á Blönduósi verði endurskoðuð.”

Forseti lagði fram tillögu um að 10. lið a. verði frestað til næsta fundar bæjarstjórnar og á milli funda hittist oddvitar lista og fari yfir málið. Tillagan borin upp og samþ. með 7 atkv. samhljóða. Þá var tillaga bæjarstjórnar um Vínbúðina á Blönduósi borin undir atkv. Hún var samþ. með 7 atkv. samhljóða.

2. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 21. júní s.l. tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er ekki talin gefa tilefni til ályktanna.
3. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 21. ágúst s.l. tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er ekki talin gefa tilefni til ályktanna.
4. Önnur mál.

A) Tilkynning frá H-lista.

Hulda Birna Frímansdóttir er flutt úr bænum og hættir því sem fulltrúi H-lista í húsnaðisnefnd. Valgarður Hilmarsson tekur sæti í nefndinni í hennar stað.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10.

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Jóhanna G. Jónasdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Auðunn Steinn Sigurðsson

Ragnar Ingi Tómasson
Ágúst Þór Bragason
Þórdís Hjálmarsdóttir
Hjördís Blöndal

